

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

24. júlí 2025
UOS2507212/A.P.

Efni: Umsögn – matsskyldufyrirspurn – seiðaeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda fyrirspurn um matsskyldu.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Framkvæmdalýsing

Benchmark Genetics Iceland hf. rekur seiðaeldisstöð í Kollafirði. Núgildandi leyfi eru fyrir 20 tonna lífmassa og ársframleiðslu. Sjógönguseiði fara þaðan á klakstöðvar fyrirtækisins í Vogavík og Kalmanstjörn. Fyrirtækið áformar að auka framleiðsluna í 40 tonn. Ekki er alveg ljóst hvort um sé að ræða 40 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma eða ársframleiðslu.

Til að hægt verði að auka framleiðsluna stendur til að taka í notkun 3 af 7 útikerjum sem standa nú þegar fyrir utan stöðina en hafa ekki verið í notkun. Einnig verður reist nýtt hús yfir þessi þrjú útiker. Eldisrýmið mun þannig aukast úr 298 m³ í 562 m³.

Vatn er fengið úr lind en um sjálfrennandi vatn er að ræða. Notast er við 65 l/s af fersku vatni, 2,1 l/s af heitu vatni úr borholu á svæðinu og 3,9 l/s af heitu vatni frá Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki er gert ráð fyrir aukinni notkun á vatni heldur stefnt að því að endurnýta vatn sem kemur úr eldishúsi fyrir nýju kerin.

Gert er ráð fyrir að setja upp tvær tromlusíur til hreinsunar frárennslis þannig að ekkert frárennslis muni fara frá stöðinni ósíað. Umhverfis- og orkustofnun telur mjög jákvætt að hugað sé að hreinsun frárennslis og þannig lágmörkun losunar næringarefna út í umhverfið. Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að frárennslíð renni úr skurðum í læk og síðan í litla tjörn og endar að lokum í strandsjávarvatnshlotinu Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C). Stofnunin bendir á að með umsókn um starfsleyfi skal fylgja með áhrifamat starfseminnar á strandsjávarvatnshlotið, sjá útgefnar leiðbeiningar stofnunarinnar.¹ Umhverfis- og

¹ [Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.](#)

orkustofnun vill leiðrétta umfjöllun um vatnshlotið en umhverfismarkmið þess eru að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vöktun hefur sýnt að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt svo ekki er rétt að segja að samkvæmt vatnavefsjá nái það umhverfismarkmiði sínu um efnafræðilega gott ástand.

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfis- og orkustofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Vigdís Louise Jónsdóttir

sérfræðingur